



SUÐURNESJABÆR

Fræðsla og upplýsingar fyrir starfsmenn stuðningsþjónustu fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar

Liðveitandi, persónulegur ráðgjafi, tilsjónaraðili og aðrir stuðningsaðilar

Opnunartími skrifstofu: mán-fim 09:30 - 15:00, fös 09:30 - 12:30

Miðnestorgi 3, 245 Suðurnesjabær

Sími: 425-3000

afgreidsla@sudurnesjabaer.is

Tengiliður: Vigdís Sveinsdóttir, félagsráðgjafi MA, vigdis@sudurnesjabaer.is

Tengiliður: Sóley Gunnarsdóttir, þroskaþjálfari BA, soley@sudurnesjabaer.is

Persónulegur ráðgjafi

Hlutverk persónulegs ráðgjafa felst fyrst og fremst í því að veita barni eða ungmenni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja það félagslega, siðferðilega og tilfinningalega svo sem í sambandi við vinnu, menntun og tómstundir. Samband persónulegs ráðgjafa og barns eða ungmennis byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemd.

Tilsjónaraðili

Hlutverk tilsjónarmanns felst fyrst og fremst í því að aðstoða foreldra við að sinna forsjár- og uppeldisskyldu sinni svo sem best hentar hag og þörfum barns eða ungmennis.

Liðveitandi

Hlutverk liðveitanda er að veita barni eða fullorðnum persónulegan stuðning og aðstoða að draga úr félagslegri einangrun og styrkja til þátttöku í menningar- og félagslífi. Þessi stuðningur er aðalega veitt fötluðum einstaklingum. Einstaklingar sem eiga í erfiðleikum sem jafna má við fötlun og eru félagslega einangruð geta einnig átt rétt á félagslegri liðveislu.

Stuðningsaðili

Hlutverk stuðningsaðila getur verið margskonar eins og t.d. að aðstoða með heimanám barna eða styðja forráðamenn á að koma börnum sínum í skóla. Hlutverk þeirra getur einnig verið að aðstoða fullorðna einstaklinga með fötlun með athafnir daglegs lífs.

Allur stuðningur getur verið veittur tímabundið eða til lengri tíma, allt eftir aðstæðum. Tímafjöldi stuðnings er einstaklingsbundin og fer eftir stuðningsþörf hverju sinni.

Hvað þarf starfsmaður að hafa í huga við störf sín:

Mikilvægt er að starfsmaður nálgist einstaklinginn með virðingu og byggi upp traust og gott samband við viðkomandi, ef um börn er um að ræða er jafn mikilvægt að mynda tengsl við forráðamenn þeirra. Ef einstaklingurinn er með greiningar er einnig mikilvægt fyrir starfsmann að hann afli sér upplýsinga um þær, hvernig best sé að koma fram og nálgast einstaklinginn. Bent er á lesefni og upplýsingar í þessari möppu, einnig er hægt að hafa samband við tengilið til að fá nánari upplýsingar.



SUBURNESJABÆR

Allir starfsmenn skrifa undir þagnarskyldu, starfsmaður er bundinn trúnaði um öll persónuleg málefni einstaklingsins og fjölskyldu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Hugmyndir af samverustundum

- Göngutúr
- Rúntinn og spjalla
- Baka saman / Elda saman
- Bakarísferð
- Ísrúnt
- Fara í sund (Sandgerði, Garði, Vatnaveröld, Grindavík)
- Rush
- Fara út í körfubolta/fótbolta
- Skessuhellir í Reykjanesbæ
- Fara á leikvelli
- Garðskagaviti
- Fjöruferð
- Rúntur um Reykjaneshringinn (brúin á milli heimsálfa, geirfuglinn, gunnuhver)
- Fara á viðburði
- Fara á íþróttarleiki
- Kringluna/Smáralindina
- Föndra t.d jólaskraut/páskaskraut
- Fara á bókasafnið
- Skoða dýr t.d lömb og hesta
- Húsdýragarðurinn
- Þekkingasetrið
- Víkingaheimar
- Rokksafnið

Upplýsingar um barnavernd

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði með því að styrkja fjölskyldur og beita úrræðum til verndar einstaka börnum þegar það á við. Með börnum er átt við einstakling undir 18 ára aldri.

Hvert á að hringja ef áhyggjur af barni koma upp?

Viljir þú tilkynna um aðstæður barns getur þú hringt í síma 425 3000 á dagvinnutíma og fengið að ræða við félagsráðgjafa. Komi upp neyðartilvik eftir að skrifstofu hefur verið lokað, getur þú hringt í 112 og sagt frá áhyggjum þínum.

Hver getur tilkynnt til barnaverndar?

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Einnig er skylt að tilkynna ef grunur leikur á að lífi ófædds barns sé stofnað í hættu.

Almenningur getur tilkynnt til barnaverndar undir nafnleynd. Það þýðir að þó barnaverndarstarfsmaður fái nafn og símanúmer þess sem tilkynnir þá mun starfsmaðurinn halda því leyndu fyrir þeim sem málið snýr að. Þeir sem hafa afskipti af börnum, svo sem starfmenn leikskóla, skóla, frístunda og heilbrigðisstofnanna er skylt að tilkynna til barnaverndar. Nafnleynd á ekki við um þessa aðila þegar kemur að tilkynningum.

Hvað gæti legið að baki tilkynningu um aðstæður barna og unglinga?

- Endurtekin slys og óhöpp sem hægt hefði verið að fyrirbyggja
- Endurteknir áverkjar sem barn á erfitt með að útskýra
- Vannæring
- Lélegur fatnaður og umhirða sem samræmist ekki aðstæðum
- Óeðlileg útivist og endurtekin brot á útivistarreglum
- Áfengis- eða vímuefnaneysla foreldra
- Almennt vanhæfi foreldra
- Atriði sem sérstaklega varða unglinga
- Áfengis- og vímuefnaneysla
- Léleg skólasókn
- Endurtekin afbrot
- Ofbeldishegðun
- Þunglyndi, geðræn vandkvæði, sjálfsvígshugleiðingar



SUDURNESJABÆR

Hvað gerir barnavernd?

Þegar barnavernd hefur fengið tilkynningu um barn, meta barnaverndarstarfsmenn hvort ástæða sé til að kanna málið nánar. Foreldrar barns eru í flestum tilvikum látnir vita af tilkynningu og vinnunni sem mun fara í gang. Undantekningar eiga við ef barn er talið vera í hættu í umsjá foreldra og það talið þjóna hagsmunum barnsins að foreldri viti ekki af könnuninni í bili.

Vinna barnaverndar sem fer af stað þegar ákvörðun hefur verið tekinn um að kanna skuli málið, felst í því að fá greinargóðar upplýsingar um barnið og hagi þess svo stuðningur og aðstoð við barn, foreldra og fjölskyldu verði sem markvissastur. Í flestum tilfellum felst stuðningur barnaverndar í stuðningsviðtölum, ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningum. Gangi samstarf milli barnaverndar og foreldra ekki upp og aðstæður barns eru enn taldar óviðunandi getur reynst nauðsynlegt að barn fari í fóstur. Mikilvægt er að hafa í huga að fósturráðstöfun kemur aðeins til greina ef öll önnur og vægari úrræði hafa ekki skilað tilsettum árangri.



SUÐURNESJABÆR

Vinnuskýrslur

Starfsmenn þurfa að skila vinnuskýrslum fyrir 16. hvers mánaðar til þess að tryggja útborgun um næstu mánaðarmót. Hægt er að skila inn vinnuskýrslum á skrifstofuna, í hvíta póstkassann við inngang skrifstofunnar (niðri) eða í tölvupósti á sinn tengilið. Ef einstaklingurinn sem er að fá stuðninginn er undir 18 ára aldri þá þarf forráðamaður að kvitta undir vinnuskýrsluna eða vera með í tölvupóstasamskiptum með því að setja netfang þeirra í Cc. Hægt er að fá út prentaðar auðar vinnuskýrslur hjá tengilið en einnig eru þær aðgengilegar á heimasíðu Suðurnesjabæjar.